

## REG-0259 Akademísk störf

# AKADEMÍSK STÖRF

## STARFSHEITI

Akademískir starfsmenn bera starfsheitin rektor, aðstoðarrektor, deildarforseti, prófessor, dósent, lektor, aðjúnkt og stundakennari. Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentna eða prófessora, en geta í undantekningartilfellum verið aðjúnktar. Önnur akademísk starfsheiti eru gestaprófessor, heiðursprófessor, rannsóknaprófessor og gestarannsakandi. Um þessi störf er fjallað í Reglum um veitingu heiðursnafnbóta og akademískra gestastarfa.

### AÐSTOÐARREKTOR

Aðstoðarrektor hefur umfangsmikla þekkingu og reynslu af akademískri starfsemi. Hann vinnur að þverfaglegum markmiðum Listaháskólans ásamt rektor og ber ábyrgð á akademískri uppbyggingu, innleiðingu á stefnu og hefur umsjón með kennslu eða rannsóknum eftir atvikum. Aðstoðarrektor rannsókna og aðstoðarrektor kennslu geta verið valdir úr hópi akademískra starfsmanna skólans sem hlotið hafa hæfismat. Staðan getur verið auglýst laus til umsókna og skulu umsækjendur þá undirgangast hæfismat. Aðstoðarrektor er ráðinn til fimm ára. Endurráða má starfandi aðstoðarrektor til annars fimm ára tímabils. Samfelldur ráðningartími aðstoðarrektors skal ekki fara umfram 10 ár.

### DEILDARFORSETI

Deildarforseti hefur góða þekkingu á viðkomandi fagsviði og á akademískri starfsemi. Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni og akademískri stefnumótun fagsviðsins og útfærslu hennar í námi, kennslu og rannsóknum. Deildarforseti skal hafa akademískt hæfi. Deildarforseti er ráðinn til fjögurra ára. Endurráða má starfandi deildarforseta til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími deildarforseta skal ekki fara umfram 10 ár. Deildarforseti hefur rannsóknarhlutfall í samræmi við hæfismat og aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

### PRÓFESSOR

Prófessor er leiðandi lista- eða fræðimaður með trausta þekkingu á sínu sérsviði. Hann er í fremstu röð á vettvangi innanlands auk þess að hafa verið virkur á sínum fagvettvangi á alþjóðavísu. Ráðningarfesta prófessors er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi prófessor til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Próffessorar hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

#### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

## DÓSENT

Dósent hefur fest sig í sessi sem viðurkenndur lista- eða fræðimaður með staðgóða þekkingu á sínu sérsviði. Hann er í fremstu röð á innanlandsvettvangi auk þess að hafa verið virkur á alþjóðavettvangi. Ráðningarfesta dósents er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi dósent til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Dósentar hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

## LEKTOR

Lektor er virkur í sinni faggrein og hefur miðlað verkum sínum opinberlega á sínum fagvettvangi innanlands. Auk þess er reynsla á erlendum vettvangi æskileg og sýnt skal að hann hafi alla burði til að verða leiðandi á sínu sviði. Ráðningarfesta lektors er til fjögurra ára. Endurráða má starfandi lektor til annars fjögurra ára tímabils og síðan til tveggja ára án þess að staðan sé auglýst laus til umsókna. Samfelldur ráðningartími skal ekki fara umfram 10 ár. Lektorar hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

## AÐJÚNKT

Aðjúntk sinnir fyrst og fremst kennslu. Hann er virkur í sinni faggrein en þarf ekki að búa yfir langri starfsreynslu, þótt það sé æskilegt. Ráðning aðjúntka er ótímabundin eftir eitt ár í starfi. Aðjúntkar hafa ekki rannsóknarhlutfall, en hafa aðgang að innri styrktarsjóðum skólans.

## STUNDAKENNARI

Stundakennari er lausráðinn starfsmaður sem sinnir kennslu. Stundakennarar sem kenna a.m.k. 200 G-tíma á ári hafa aðgang að Starfsþróunarsjóði akademískra starfsmanna.

## SKILGREINING STARFSÞÁTTA

Meginþáttur akademísks starfs er kennsla. Prófessorar, dósentar og lektorar sem gegna að lágmarki 50% starfshlutfalli geta jafnframt hlotið skilgreint rannsóknarhlutfall. Auk þessa sinna prófessorar, dósentar, lektorar og aðjúntkar stjórnun.

## KENNSLA

Kennsla er umfangsmesti starfsþáttur akademískra starfsmanna. Starfsþátturinn felur m.a. í sér leiðsögn við nemendur, undirbúning kennslu, gerð kennsluáætlana, námskeiðslýsinga og hæfniviðmiða, prófagerð, yfirferð, námsmat sem og ýmis konar umsýslu vegna starfsþáttarins. Kennsla skiptist í flokka eftir inntaki og framlagi kennara og nemenda. Hver þessara flokka reiknast samkvæmt tiltekinni grunneiningu (G-tími) sem endurskoðuð er í samræmi við gildandi launakjör hverju sinni. Um flokkun og gildingu kennslu er fjallað í viðauka II.

## RANNSÓKNIR

Lektorar, dósentar og prófessorar sem gegna að lágmarki 50% starfshlutfalli geta hlotið skilgreint rannsóknarhlutfall<sup>3</sup>.

---

### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

Rannsóknir fela í sér sjálfstæða vinnu á sérsviði viðkomandi starfsmanns sem miðlað er með opinberum hætti, hvort sem er á listrænu formi eða á fræðilegum vettvangi. Afraksturinn getur verið í öllum birtingarmyndum þeirra listsviða sem skólinn starfar á, s.s. sjónlistum, sviðslistum, tónlist eða á fræðilegum vettvangi.

Samkvæmt afstöðu skólans, samþykktri í fagraði á haustönn 2015, er afrakstur listrannsókna í öllum tilfellum tvennskonar í senn: annars vegar verk og hinsvegar greinandi umfjöllun um sama verk (e. critical reflection). Til að afrakstur geti talist listrannsókn getur þetta tvennt ekki skilist í sundur.

Skilyrði fyrir rannsóknarhlutfalli er að sýnt verði fram á virkni og framvindu í rannsóknarstörfum.

Rannsóknanefnd hefur gefið út leiðarvísi um miðlun rannsókna, þar sem kröfum skólans til rannsakennda er lýst (sjá á vefsíðu skólans: <https://www.lhi.is/afrakstur-rannsokna>).

## STJÓRNUN

Stjórnun kennara getur verið þrenns konar.

Í fyrsta lagi getur verið um að ræða *almenna stjórnun* sem getur falið í sér þátttöku í mótunar- og uppbyggingarstarfi viðkomandi námsleiðar og deildar, skipulag og undirbúning kennslutímabils, þátttöku í samráði og stefnumótun s.s. setu á fundum deilda og skóla, þátttöku í verkefnaviku, undirbúningsdegi kennara og viðburðum. Starfsþátturinn er metinn til hlutfalls af starfshlutfalli með eftirfarandi hætti: prófessor, dósent og lektor 10%, aðjúnt 5%<sup>4</sup>. Hjá starfsfólki í starfshlutfalli undir 50% má styðjast við G-tímafjölda en þó að hámarki 40 G-tíma á starfsári.

Í öðru lagi getur verið um að ræða *fagstjórn* sem felur í sér yfirumsjón hvernar námsleiðar. Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentar eða prófessora, en geta í undantekningartilfellum verið aðjúnktar. Um fagstjórn gilda viðmið sem hafa áhrif á hlutfall starfsþáttarins<sup>5</sup>.

Í þriðja lagi getur stjórnun falið í sér *setu í nefndum og ráðum auk sérverkefna* á borð við gæðamat námsleiða sem viðkomandi eru falin tímabundið af deildarforseta í umboði rektors.

## SKIPTING STARFSÞÁTTA OG VINNUÁÆTLANIR

Heildarvinnuframlag og skipting starfsþátta eru skilgreind í ráðningarsamningum og endurspeglast í vinnuáætlunum starfsmanna<sup>6</sup>. Deildarforseti ber ábyrgð á gerð vinnuáætlana í samráði við hvern starfsmann og í samstarfi við mannauðsstjóra. Í vinnuáætlunum kemur fram yfirlit heildarvinnuframlags, skipting starfsþátta og áætlun um hvernig starfsþættirnir raðast niður á skólaárið. Vinnuáætlanir skulu liggja fyrir í júní fyrir komandi skólaár. Fari starfsmaður í leyfi er fengin afleysing vegna kennsluþáttar hans, en hvorki rannsóknahlutfall né stöðuheiti eru leyst af. Um afleysingu deildarforseta sjá viðauka 1.

---

### Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

Akademískt starfsfólk sem aflar ytri rannsóknarstyrkja geta sótt um tímabundna hækkun rannsóknarlutfalls í samræmi við styrkinn sem aflað er. Sótt er um til aðstoðarrektors rannsókna.

Skipting starfsþátta ræðst af starfsheiti á eftirfarandi hátt:

	<b>Prófessor</b>	<b>Dósent</b>	<b>Lektor</b>	<b>Aðjúnt</b>
Kennsla	60%	65%	70%	95%
Rannsóknir <sup>7</sup>	30%	25%	20%	
Stjórnun <sup>8</sup>	10%	10%	10%	5%
Samtals	1575 klst.	1575 klst.	1575 klst.	1575 klst.

---

**Upplýsingar um skjalið**

Tegund: Regla  
Útg.d: 8.8.2024  
Útgáfa: 2.0  
Áb.maður: Mannauðsstjóri  
Endurskoðun: [Endurskoðunardagsetning]

# VIÐAUKI I

## HLUTVERK DEILDARFORSETA

Deildarforseti ber ábyrgð á listrænni stefnu fagsviðsins og innleiðingu á stefnum LHÍ í starf deildar. Deildarforseti ber ábyrgð á daglegri starfsemi deildar og að hún standist þær kröfur sem gerðar eru til háskóla varðandi nám og kennslu. Deildarforseti sér til þess að deild starfi í samræmi við heildarskipulag og viðmið LHÍ og ber ábyrgð á umsýslu með málefnum nemenda og fer með úrskurðarvald innan deildar í málefnum er varða námsferil og námsframvindu nemenda. Deildarforseti er næsti yfirmaður akademískra starfsmanna deildar og ber ábyrgð á að skipuleggja störf þeirra, mannauðsmálum, ráðningum háskólakennara í samráði við rektor og ráðningum stundakennara og verktaka. Deildarforseti ber ábyrgð á gerð rekstrar- og fjárfestingaáætlana deildar og eftirfylgni þeirra. Deildarforseti ber ábyrgð á gæðastarfi innan deildar í samræmi við ferla LHÍ og Evrópskum viðmiðum um gæði háskólamenntunar, eftirfylgni við könnunum og þátttöku í ytra gæðamati. Deildarforseti sinnir tengslum við samfélagið með margvíslegum hætti.

Hluti af starfi deildarforseta getur verið fólgin í kennslu og rannsóknum.

Deildarforseti situr í fagráði, sviðsráði og stýrir fundum deildar.

## HLUTVERK FAGSTJÓRA

Fagstjórar koma úr hópi lektora, dósentna eða prófessora. Í undantekningartilfellum geta aðjúnktar gegnt hlutverki fagstjóra, svo fremi þeir hafi undirgengist hæfismat. Þeir hafa umsjón með tilteknu fagsviði og gegna lykilhlutverki í uppbyggingu náms og kennslu innan þess undir stjórn deildarforseta. Fagstjórar eru leiðandi í að efla skapandi og faglegt umhverfi á viðkomandi námsleið.

Um starfsþátt fagstjórnar gilda viðmið sem hafa áhrif á hlutfall starfsþáttarins á starfsári.

Grunnþáttur fagstjórnar\*: 160 G-tímar fyrir óskipta fagstjórn, ef um fleiri en einn er að ræða skiptist tímafjöldinn.

Gildingarþáttur fagstjórnar\*\* fyrir óskipta fagstjórn:

færri en 20 nemendur: 50 G-tímar

20-39 nemendur: 100 G-tímar

40-59 nemendur: 150 G-tímar

60+ nemendur: 200 G-tímar

---

### Upplýsingar um skjalid

Tegund:	Regla
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

Viðmið um fagstjóra fræða er hið sama og nemur 1/3 af heildarfjölda nemenda deildar. Ef um fleiri en einn fagstjóra fræða er að ræða við sömu deild skiptist tímafjöldinn á milli þeirra skv. starfshlutfalli eða skv. nemendafjölda á brautum sem hvor um sig fer með fagstjórn á.

### **\*GRUNNÞÁTTUR FAGSTJÓRNAR**

Undir stjórn deildarforseta taka fagstjórar þátt í að móta sýn og stefnu námsleiðar og koma að almennri starfsemi s.s. gerð kennsluskrár, skipulagi á stundatöflu, inntöku, prófdæmingu, þverfaglegri samvinnu og alþjóðasamstarfi.

Fagstjórar eiga í samskiptum við stundakennara vegna námskeiðslýsinga, námsmats, uppbyggingu námskeiða og samhengis námskeiðs við önnur námskeið og námsferil nemenda.

Fagstjórar sinna kynningu á námsleið s.s. gerð faglegs inntaks kynningarefnis, sýningum og viðburðum og með viðveru á Opnu húsi og á Háskóladegi.

### **\*\*GILDINGARÞÁTTUR FAGSTJÓRNAR**

Til gildingarþáttar fagstjórnar heyrir samskipti við nemendur hvað varðar faglega leiðsögn um námið.

## **VIÐAUKI II**

### **ÚTHLUTUN KENNSLUSTUNDA OG AÐRAR GREIÐSLUR VEGNA AKADEMÍSKRA STARFA**

Kennslulíkan Listaháskóla Íslands úthlutar hópnamskeiðum fjölda stunda útfrá skilgreindum viðmiðum. Verðlisti gildir fyrir akademísk störf utan hópkenngu.

Samþykkt af stjórn Listaháskóla Íslands þann 20. júní 2024.

---

#### **Upplýsingar um skjalid**

Tegund:	Regla
Útg.d:	8.8.2024
Útgáfa:	2.0
Áb.maður:	Mannauðsstjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]